

Aðalfundur Íslandsbanka - 28. apríl 2010

Friðrik Sophusson, stjórnarformaður

Ágætu aðalfundargestir.

Síðustu 18 mánuðir hafa reynst starfsfólki og viðskiptavinum Íslandsbanka mikil áskorun. Þær breytingar sem orðið hafa í starfsumhverfi fjármálafyrirtækja á Íslandi frá því haustið örlagaríka 2008 eru gríðarlegar en þrátt fyrir erfitt árferði hefur mikið áunnist í uppbyggingu nýs banka.

Talsverðar breytingar urðu á stjórn bankans í upphafi árs 2009 en þá óskaði Valur Valsson eftir lausn sem stjórnarformaður og við tók Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hæstaréttarlögmaður. Martha Eiríksdóttir og Guðmundur R. Jónsson komu ný inn í stjórn, en auk þeirra átti Ólafur Ísleifsson sæti í stjórninni. Nýrrar stjórnar biðu fjölmörg erfið verkefni og vil ég fyrir hönd núverandi stjórnar þakka þeim fyrir vel unnin störf.

Aðkoma kröfuhafa Glitnis að Íslandsbanka markaði mikilvæg tímamót í uppbyggingarstarfinu. Innan bankans fór fram mikil vinna og samningaviðræður sem leiddu til þeirrar niðurstöðu sem kynnt var þann 15. október sl., á ársafmæli bankans, þegar skilanefnd Glitnis, fyrir hönd kröfuhafa, ákvað að eignast 95% hlut í bankanum.

Núverandi bankastjórn var kjörin á aðalfundi Íslandsbanka 25. janúar síðastliðinn. Það var markmið ISB Holding ehf., sem fer með eignarhald Glitnis banka hf. í Íslandsbanka, að skipa í meirihluta bankastjórnar erlenda sérfræðinga af fjármálamarkaði til þess að styrkja starfsemi nýja bankans og gera hann rekstarhæfan og arðsaman til framtíðar. Þá skipaði Bankasýslan fulltrúa, Mörthu Eiríksdóttur, sem setið hafði í stjórn bankans árið á undan og hafði góða þekkingu og innsýn í reksturinn. Samstarf stjórnarinnar hefur farið vel af stað og ljóst að mikill fengur er af þeim erlendu reynsluboltum sem til starfans völdust.

Mikilvægasta eign hvers fyrirtækis er traust, á þetta ekki síst við í fjármálageiranum. Ljóst er að með hruninu biðu íslenskar fjármálastofnanir mikinn hnekki í þessum efnum gagnvart almenningi. Bankarnir standa því frammi fyrir því erfiða verkefni að ávinna sér traust á ný. Það verkefni mun taka langan tíma.

Ég er þess fullviss að þeir 900 starfsmenn sem starfa í þessum banka hafa á liðnu ári lagt sig alla fram við að þjónusta og aðstoða viðskiptavini bankans eftir bestu getu. Kannanir hafa sýnt að það ríkir ennþá traust á milli viðskiptavina bankans og þeirra starfsmanna sem þeim hafa þjónað í framlínu bankans.

Ég tel mikilvægt að við í bankastjórninni högum ákvörðunum okkar þannig að starfsfólki bankans verði gert kleift að aðstoða og þjóna viðskiptavinum bankans eftir bestu getu – það er lykillinn að því að endurvinnna bankanum traust.

Nýútkomin skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis varpar upp ófagurri mynd af því fjármálakerfi sem hrundi haustið 2008. Það var greinilega víða pottur brotinn í starfsemi bankanna og í stjórnkerfinu öllu. Mikilvægt er að við drögum réttan lærdóm af skýrslunni.

Það eru eðlileg viðbrögð stjórnvalda hér og erlendis að bregðast við með því að herða regluverk fjármálafyrirtækja enn frekar. En það má ekki gleyma því að það voru ekki reglurnar sem brugðust heldur þeir sem áttu að fylgja þeim. Regluverk um fjármálamarkaðinn er afar umfangsmikið og má í því sambandi nefna að í gildi eru um yfir 100 lagabálkar, reglugerðir og reglur um starfsemi fyrirtækja á fjármálamarkaði.

Innan Íslandsbanka er verið að fara yfir niðurstöður rannsóknarskýrslunnar með það að markmiði að skoða hvaða umbætur kunna að vera nauðsynlegar innan bankans.

Það ber þó að undirstrika að slík umbótavinna hófst strax í kjölfar stofnunar nýja bankans og á árinu 2009 var markvisst unnið að því að styrkja innviði bankans og renna styrkum stoðum undir rekstur hans.

Í því sambandi má nefna gagngerar breytingar á öllu regluverki, eflingu áhættustýringar og regluvörslu og fjárfestingar í ýmsum kerfum bankans.

Sem dæmi um breyttar áherslur í þessum efnum má nefna að bankinn hefur hert verulega reglur um lán til tengdra aðila, svokallaðar millifundasamþykktir á milli funda áhættunefnda hafa verið afnumdar, bankinn veitir í dag engin lán gegn eigin bréfum, nýtt regluverk hefur verið innleitt hjá Eignastýringu, fjölgað hefur verið í regluvörslu og allt gagnsæi hefur verið stóraukið.

Núverandi stjórn hefur í engu hvikað frá þessari stefnu og ákveðið að leggja enn frekari áherslu á að fjárfesta í innviðum bankans og styrkja stoðir hans. Endurspeglast það í þeirri ákvörðun stjórnar að leggja ekki til að greiða út arð fyrir starfsárið 2009 en renna heldur traustari stoðum undir rekstur Íslandsbanka.

Á síðastliðnu ári hefur átt sér stað mikil umræða um umsvif viðskiptabankanna í atvinnulífinu. Tengist sú umræða meðal annars þeirri erfiðu stöðu sem mörg fyrirtæki og eignarhaldsfélög lentu í í kjölfar bankahrunsins.

Til þess að tryggja fagleg vinnubrögð og að hlutlægra sjónarmiða væri gætt var sett á stofn sérstakt eignaumsýslufélag um rekstrarfélög og eignir sem eru í eigu bankans. Í stjórn þess félags, sem kallast Miðengi, sitja fimm stjórnarmenn, þar af þrír óháðir. Á vef félagsins má finna yfirlit yfir allt eignasafn þess, bæði dótturfélög og félög í þeirra eigu. Þannig vill Miðengi og bankinn tryggja að gagnsæis sé gætt í störfum félagsins.

Á síðasta ári leysti bankinn til sín um 47% hlut í Icelandair og vakti það eðlilega nokkra athygli. Íslandsbanki tók einnig þátt í endurskipulagningu Sjóvárs Almennra sem var umfangsmikið samstarfsverkefni Glitnis og Íslandsbanka. Óhætt er að segja að það verkefni hafi heppnast vel en það var afar mikilvægt fyrir fjármála- og tryggingamarkaðinn á Íslandi.

Sú gagnrýni sem beinst hefur að bönkunum og umsvifum þeirra á fyrirtækjamarkaði er skiljanleg. Sú umræða grundvallast á tortryggni og ljóst er að við þurfum að draga úr henni með öllum ráðum. Leiðin til þess er aukið gagnsæi.

Íslandsbanki hefur þá yfirlýstu stefnu að koma þeim fyrirtækjum, sem bankinn eignast með þessum hætti, sem fyrst í hendur annarra rekstraraðila enda er það okkar sjónarmið að bankar séu almennt ekki góðir eigendur rekstrarfélaga.

Íslandsbanki hefur á liðnu starfsári verið í fararbroddi þegar kemur að því að selja fyrirtæki í opnu og gagnsæju ferli. Ég leyfi mér að fullyrða að bankinn hafi markað ákveðna stefnu í þeim efnum sem aðrir aðilar á markaðnum hafa tekið sér til fyrirmyndar.

Rekstrarniðurstaða Íslandsbanka fyrir árið 2009 var jákvæð þrátt fyrir erfitt efnahagsumhverfi.

Arðsemi eiginfjár var 30% sem hlýtur að teljast gott en eins og fram kom í máli mínu áðan hefur stjórn bankans ákveðið að leggja ekki til að arður sé greiddur fyrir árið 2009 á starfsárinu 2010, heldur verði fjárfest enn frekar í innviðum bankans. Góð arðsemi er mikilvæg í ljósi eignarhalds bankans þar sem ljóst má vera að núverandi eigendur munu ekki leggja bankanum til aukið hlutfé til þess að grípa hugsanleg tækifæri á markaðnum. Það er því mikilvægt að bankinn sé sjálfur í nægilega sterkri stöðu til slíkra athafna telji stjórn og stjórnendur hans tilefni til þess.

Samtímis er mikilvægt að tryggja áfram sterka eiginfjárstöðu bankans. Eiginfjárhlutfall Íslandsbanka er 19,8% en Fjármálaeftirlitið hefur sett viðskiptabönkunum þremur 16% lágmarksviðmið. Sambærilegt lágmark er um 8% í löndunum í kringum okkur. Efnahagsreikningur bankans er því traustur, arðsemin góð og lausafjárstaðan sterk. Allt eru þetta þættir sem gera Íslandsbanka kleift að takast á við þau verkefni sem framundan eru og horfa í auknum mæli til vaxtatekifæra.

Það vill stundum gleymast að traustur rekstur fyrirtækjanna í landinu er samfélaginu mikilvægur og má í því sambandi benda á að gert er ráð fyrir að bankinn greiði samtals um 5 milljarða til samfélagsins í formi skatta og annarra opinberra gjalda.

Stjórn bankans leggur áherslu á hagkvæman rekstur og mikilvægt er að stjórnendur bankans leiti ávallt leiða til hagræðingar án þess þó að það bitni á þjónustustiginu. Íslandsbanki býr að því að forveri hans missti aldrei sjónar á starfseminni á Íslandi þrátt fyrir alla útrásina og útibúanet bankans er eitt það hagkvæmasta á Íslandi.

Kostnaðarhlutfall Íslandsbanka á árinu 2009 var 41,3%. Það er þó ljóst að aukin áhersla verður lögð á að hagræða í rekstri bankans – hugsanlega í tengslum við almenna hagræðingu á fjármálamarkaði.

Samkeppnisumhverfið var all sérstakt á árinu 2009. Það er hins vegar ljóst að samkeppnin mun vaxa og við ætlum ekki að láta okkar eftir liggja. Í því endurreisnarstarfi sem hafið er í íslensku atvinnulífi felast fjölmörg tækifæri og Íslandsbanki ætlar sér að halda þeirri forystustöðu sem bankinn hefur skapað sér.

Það mikilvægt að gengið verði hraustlega til verks í endurskipulagningu fyrirtækja – það er eina leiðin til þess að flýta uppbyggingunni. Það þarf að gera fyrirtækjum kleift að takast á við skuldavanda og örva þau til fjárfestinga í atvinnulífinu.

Það þarf að virkja fjármálamarkaðinn og koma fjármunum á hreyfingu þannig að þeir liggi ekki inn á bankabókum heldur fari frekar í fjárfestingu í atvinnulífinu. Hér þarf Íslandsbanki að vera í forystuhlutverki.

Ég er þeirrar skoðunar að eignarhaldi banka sé best komið í höndum einkaaðila sem bera ábyrgð á þeim. Auðvitað þurfa eigendur bankanna að ganga vel um eign sína og efla traust á starfsemi þeirra fremur en að líta á þá sem einhverskonar einkasjóði.

Þetta verður best gert með því að koma bönkunum í hendur eigenda sem kunna með þá að fara og að bjóða almenningi að eignast hlutdeild í þeim. Það er einlæg von mín að Íslandsbanki verði skráður í Kauphöll á næstu 3-5 árum.

Mikið hefur verið fjallað um einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbanka, nú Arion banka, og hvernig til hennar var stofnað.

Saga Íslandsbanka er allt önnur. Hann varð til með samruna þriggja einkabanka og Útvegsbankans, sem reistur var á grunni Íslandsbanka gamla, en þann banka stofnuðu einkaaðilar árið 1904. Íslandsbanki var því í einkaeigu löngu áður en hugtakið einkavæðing varð til.

Til að Íslandsbanki endurheimti aftur sína fyrri stöðu og fullt traust almennings þurfum við öll að laga okkur að vönduðum vinnubrögðum og öguðum starfsháttum. Með slíkri fyrirtækjamenningu í farteskinu og skýra framtíðarsýn geta starfsmenn og stjórnendur náð því markmiði sem bankinn setur sér.

Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka starfsfólki og stjórnendum Íslandsbanka fyrir óeigingjarnt starf á erfiðum tímum og ég hlakka til að vinna áfram að uppbyggingu Íslandsbanka með þeim öflugum hópi sem í bankanum starfar.

Takk fyrir.